



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Hjúkrun fullorðinna 1

HJÚK2HM05

Kennsluáætlun haustönn 2022

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍP

Áfangalýsing:

Fjallað er um umhyggjuhugtakið og sjálfsmönnun ásamt helstu hjúkrunarkenningum og tengslum þeirra við starfsvettvang. Fjallað er um hjúkrunarferli og faglega hjúkrunarskráningu. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með bráða- og langvinna sjúkdóma sem tengjast eftirtöldum kerfum: hjarta- og æðakerfi, öndunarfærakerfi, meltingarkerfi, þvag- og kynkerfum. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með illkynja sjúkdóma. Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hjúkrunarkenningum og tengslum þeirra við starfsvettvang
- umhyggjuhugtakinu og sjálfsmönnun
- mikilvægi hjúkrunarskráningar
- áhrifum bráðs og langvinnis heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- hjúkrun sjúklinga með sjúkdóma í hjarta- og æðakerfi, öndunarfærakerfi, meltingarkerfi, þvag- og kynkerfum
- helstu einkennum illkynja sjúkdóma í þeim líffærakerfum sem fjallað er um í lýsingu
- undirbúningi og eftir meðferð vegna rannsókna og skurðaðgerða
- þverfaglegri teymisvinnu í meðferð skjólstæðinga.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna skjólstæðingi og aðstandendum stuðning og umhyggju
- greina á milli mismunandi hjúkrunarþarfa langveikra, bráðveikra og mikið veikra
- útskýra áhrif bráðs og langvinnis heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- vinna eftir viðurkenndri hjúkrunarskráningu
- velja milli ólíkra vinnubragða við smitgát eftir eðli sjúkdómsástands
- leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs með tilliti til áhrifa sjúkdómsástands á sjálfsmönnun og heilsu
- undirbúa og annast um skjólstæðinga fyrir og eftir rannsóknir og aðgerðir
- útskýra algengar aukaverkanir meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- taka þátt í þverfaglegri vinnu í meðferð skjólstæðinga.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta hjúkrunarþarfir langveikra, bráðveikra og mikið veikra
- meta áhrif bráðs og langvinnis heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- beita viðeigandi hjúkrunarmeðferð fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- beita ólíkum vinnubrögðum við smitgát eftir eðli sjúkdómsástands
- leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs með tilliti til áhrifa sjúkdómsástands á sjálfsbjargargetu og heilsu
- veita sjúklingum og aðstandendum faglega umhyggju og stuðning
- bregðast við algengum aukaverkunum meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- nýta þekkingu sína í þverfaglegri vinnu.

Námsefni: Efni frá kennara, greinar og efni á neti

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Sjá fylgirit.

Sérreglur áfangans:

Forköfur fyrir áfangan: HJÚK1AG05,HJÚK3ÖH05 og HJVG1VG05

Námsmat:

Námsmat: Vetrarvinna 40%,ritgerð, heimaverkefni og tímaverkefni. Nemandi þarf að skila 90% af vetrarvinnu á tilsettum tíma, til að ná próftökurétti og að hafa lágmark 85% raunmætingu, nema um annað sé samið.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.